

Hollvinasamtök Reykjalundar

Ársreikningur

2017

Hollvinasamtök Reykjalundar
Neðstaleiti 1
103 Reykjavík

Kt. 601213-1760

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar	8

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hollvinasamtaka Reykjalundar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hollvinasamtaka Reykjalundar fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess á árinu 2017, í samræmi við lög um bókhald.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og víðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um bókhald og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samtökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og víðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 30. janúar 2018

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur 1. janúar - 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Tekjur			
Félagsgjöld	2	1.634.000	1.260.000
Framlög og styrkir	3	18.800.923	15.000
		<u>20.434.923</u>	<u>1.275.000</u>
Rekstrargjöld			
Gjafir og styrkir til Reykjalundar	3	9.102.498	930.000
Annar kostnaður	4	304.397	251.317
		<u>9.406.895</u>	<u>1.181.317</u>
Rekstrarafgangur		11.028.028	93.683
Rekstrarafgangur			
Fjármunatekjur		<u>23.240</u>	<u>60.145</u>
Tekjur umfram gjöld ársins		<u>11.051.268</u>	<u>153.828</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
Eignir			
Handbært fé		14.759.308	4.792.378
Skammtímakröfur		274.338	343.200
Veltufjármunir samtals		<u>15.033.646</u>	<u>5.135.578</u>
Eignir samtals		<u>15.033.646</u>	<u>5.135.578</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir		0	1.153.200
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>1.153.200</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		15.033.646	3.982.378
Eigið fé samtals		<u>15.033.646</u>	<u>3.982.378</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>15.033.646</u>	<u>5.135.578</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um bókhald. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Samtökin voru stofnuð 2. nóvember 2013.

2. Félagsgjöld

Félagsgjöld eru færð eftir innborgunum en 259 félagsaðilar greiddu félagsgjöld að upphæð 1.634 þús. á árinu. Ógreidd félagsgjöld þeirra sem skráð hafa sig í samtökin námu 785 þús. kr. í árslok 2017 og hafa þau ekki verið færð til tekna. Samkvæmt lögum félagsins skal fella viðkomandi aðila af félagaskrá sé árgjald ekki greitt á tilsettum tíma.

3. Gjafir

Á reikningsárinu gáfu samtökin Endurhæfingarmiðstöðinni Reykjalundi þrjár gjafir: Biofeedbacktæki til taugasálfræðimeðferða að upphæð 739.000 kr., Vyntus Bodybox lungnarúmmálmálstæki að upphæð 5.395.906 kr. og húsbúnað, rúm, sængur og koddar í sjúklingarými að upphæð 2.882.400 kr. Oddssjóður veitti 3.790.923 kr. framlag til Hollvinasamtakanna sem fór í fjármögnun á Vyntus Bodybox lungnarúmmálmálstækinu.

Oddfellowreglan á Íslandi gaf Reykjalundi 15.000.000 á árinu sem ákveðið var að færa í umsjón Hollvinasamtakanna. Hluta þessarar rausnalegu gjafar var á árinu ráðstafað til kaupa á bekkenskoli fyrir Miðgarð að upphæð 643.076 kr. á árinu.

Framlag frá Margréti Haraldsdóttur að upphæð 10.000 kr. barst Hollvinasamtökunum á árinu.

4. Annar kostnaður

Annar kostnaður greinist þannig:

Endurskoðun	240.163
Auglýsingar	27.959
Þjónustugjöld banka	36.275
	<hr/>
	304.397